

Tillaga til 486. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. desember 2021

Tillaga frá 1180. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 13. desember 2021, um að bæjarstjórn samþykki að veita styrk til Tanks menningarfélags vegna gatnagerðargjalda og byggingarleyfisgjalda að fjárhæð kr. 2.636.786, og samþykki viðauka 17 við fjárhagsáætlun 2021 vegna málsins.

5. Tankurinn - Útilistaverk á Þingeyri - 2019040026

Lögð fram beiðni Wouter Van Hoeymissen, f.h. stjórnar Tanksins félags, dags. 22. nóvember 2021, þar sem óskað er styrks vegna gatnagerðargjalda og byggingarleyfisgjalda að fjárhæð kr. 2.636.786.

Jafnframt lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 24. nóvember 2021, vegna málsins, auk frekari samskipta um málið.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita styrk til Tanks menningarfélags vegna gatnagerðargjalda og byggingarleyfisgjalda að fjárhæð kr. 2.636.786, og felur bæjarstjóra að gera viðauka vegna málsins og leggja fyrir bæjarstjórn með málinu.